




Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

Inngangur að sögu – SAGA2HI05

Kennari	Atli Þorsteinsson atli.thorsteinsson@fss.is https://m.fss.is/course/view.php?id=4	
Viðtalstími	Miðvikudagur 9:15 eftir samkomulagi	
Námsefni	Allt námsefni er hjá kennara á kennslusíðu áfangans	
Áfangalýsing	Áfanginn er inngangsáfangi í sögu á öðru þrepi og er skylda á Félagsvísindabraut. Nauðsynlegur undanfari fyrir alla aðra söguáfanga hvort sem þeir eru á öðru eða þriðja stigi. Viðfangsefnið eru þættir úr sögu heimsins til okkar daga. Skoðaðir verða helstu stóratburðir tímabilsins en jafnframt leitast við að öðlast innsýn í daglegt líf almennings í Evrópu. Leitast er við í áfanganum að uppfylla grunnþætti menntunar og að nemendur geti lesið fræðitexta um sitt nánasta samfélag og sögu þess. Þá fá nemendur innsýn í mikilvægi sjálfbærni, sögu heilbrigðis og velferðar í íslensku samfélagi. Nemendur öðlist færni og skilning á hugtökum á borð við lýðræði og mannréttindi. Nemendur þjálfast í sköpun með ýmsum verkefnum.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til þess að standast áfangann verða nemendur að taka öll próf og skila öllum verkefnabókum. Þá verða nemendur að standast lokapróf áfangans og vera með lokaeinkunn 4,5 eða hærri.	
	Símatsáfangi ☐	Lokapróf ☒
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Kaflapróf	20%
	Leshjálp	10%
	Verkefnabækur	15%
	Skilaverkefni	10%
	Smáverkefni	15%
	Lokapróf	30%

Virðing, samvinna og árangur

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Nemandi sem kemur 10 mínútum of seint eða hverfur úr tíma í meira en 15 mínútur fær fjarvist fyrir tímann. Athugið að til þess að fá einkunn fyrir verkefni eða próf í sögu þarf að skila þeim á réttum tíma. Verkefni fá sjálfkrafa 0 í einkunn berast þau of seint. Mikilvægt: Þegar nemendur taka próf í áfanganum verða þeir að vera með kveikt á vefmyndavélinni í tölvunni sinni.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur þurfa tölvur í öllum kennslustundum.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - áhrifum frönsku byltingarinnar og frelsisstríðs BNA á stjórnmálaþróun á 19. öld - breytingum sem hafa orðið á hugmyndum um þjóðríkið á tímabilinu - ástæðum og áhrifum sjálfstæðisbaráttu Íslendinga - ástæðum og afleiðingum heimstyrjaldanna tveggja bæði á Íslands- og mannkynssöguna - hugmyndum íhaldsstefnunnar, frjálslyndisstefnunnar og sósíalismans - orsökum og afleiðingum stofnunar Sovétríkjanna - orsökum og afleiðingum Kalda stríðsins	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - vinna með staðreyndir og kenningar - beita grundvallarvinnubrögðum í heimildarýni og heimildaleit - temja sér öguð vinnubrögð og nota ýmsar aðferðir til að leysa verkefni sín
↓	
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - setja fram skoðanir sínar í riti, ræðu eða öðru formi - geta borið saman atburði og finna orsakasambönd á milli þeirra - geta tekið þátt í umræðum um efnisþætti áfangans og færa rök fyrir skoðunum sínum	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		116 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	1. Hvers vegna að læra sögu 2. Evrópa frá 1850 til 1914	Ýmiss verkefni
2. vika 25. – 29. ágúst	4. Heimsvaldastefnan	Ýmiss verkefni Hlutapróf 1
3. vika 1. – 5. september	6. Fyrri heimsstyrjöldin	Ýmiss verkefni
4. vika 8. – 12. september	9. Rússneska byltingin	Ýmiss verkefni
5. vika 15. - 19. september	10. Bandaríkin verða stórveldi	Ýmiss verkefni Hlutapróf 2
6. vika 22. - 26. september	11. Fasismi og nasismi	Ýmiss verkefni
7. vika 29. sept. - 3. október	12. Seinni heimsstyrjöldin	Ýmiss verkefni
8. vika 6. - 10. október	12. Seinni heimsstyrjöldin	Ýmiss verkefni Hlutapróf 3
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	14. Kalt stríð	Ýmiss verkefni
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	14. Kalt stríð	Ýmiss verkefni
11. vika 27- 31. október	16. Risaveldið Bandaríkin	Ýmiss verkefni
12. vika 3. - 7. nóvember	17. Sovétríkin eftir 1945	Ýmiss verkefni Hlutapróf 4
13. vika 10. - 14. nóvember	18. Evrópa eftir 1945	Ýmiss verkefni
14. vika 17. - 21. nóvember	20. Japan eftir 1945	Ýmiss verkefni
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	21. Nýlendur fá sjálfstæði	Ýmiss verkefni
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	21. Nýlendur fá sjálfstæði 22. Alþjóðastofnanir	Hlutapróf 5

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Atli Þorsteinsson